



Ferð starfsmanna leikskólans Jötunheima til Toronto dagana 24. – 28. apríl 2013



Vorið 2012 kom upp sú hugmynd á starfsmannafundi að fara út fyrir landsteinana og skoða leikskóla í öðrum löndum. Þá var stofnuð skipulagsnefnd sem síðan ákvað hvert skyldi fara. Var ákveðið að fara til Toronto og lagðist nefndin í mikla skipulagsvinnu.

Tilgangur ferðarinnar var fyrst og fremst að:

- Kynnast starfsháttum og fyrirkomulagi leikskóla í Kanada.
- Sjá leikskóla í stórborg.
- Að þjappa starfsmannahópnum saman og styrkja starfsandann.

Inngangur

Toronto er fjölmenn borg , þar búa yfir 4 milljónir. Borgin er afar fjölmenningarleg og þar býr fólk frá öllum heimshornum. Um þriðjungur íbúa er fæddur utan Kanada. Þetta endurspeglast í öllu starfi leikskólanna.

Toronto hefur markað sér afar skýra stefnu í leikskólamálum, og er sama stefnan rekin í öllum leikskólum.

Fyrsta daginn fengum við fund með Söndru McDooling sem er yfirmaður leikskólamála í einu hverfi borgarinnar. Sandra ásamt tveimur aðstoðarkonum kynntu fyrir okkur rekstur og skipulag leikskólamála.

Borginni er skipt í hverfi og er Sandra yfirmaður 14 leikskóla af þeim 52 sem reknir eru af borginni.

Við fengum að heimsækja 5 þeirra. Hópnum okkar var skipt í fjóra minni hópa og heimsótti hver hópur 2 eða 3 leikskóla.



Helstu upplýsingar

Leikskólarnir í Toronto eru ýmist reknir af borginni eða eru einkareknir. Einnig er mikið um heimagæslu. Börnin geta byrjað í leikskóla strax nokkurra daga gömul en algengt er að þau byrji 3-4 mánaða.

Á áætlun er að skólaskylda verði fyrir öll börn sem eru orðin 4 ára árið 2014. Þá munu fleiri ung börn komast inn í leikskólana.

Foreldrar greiða mismikil leikskólagjöld eftir launum og efnahag, allt frá 0-200.000 kr. á mánuði og greiðir borgin fyrir þá sem eru verr staddir.

Í flestum leikskólum er opið frá 7 á morgnana til kl. 18 síðdegis.

Lokanir vegna sumarleyfa eru 2 síðustu vikurnar í júlí.

Unnið er eftir 5 grunnþáttum þroska og er allt starf skipulagt til að örva þá þætti. Þeir eru:

- félagslegur
- tilfinningalegur
- samskiptalegur
- tungumála- og málþroski
- vitsmuna- og hreyfiþroski

Út frá þeim er útbúið vikuskipulag fyrir hvern aldurshóp og er búið að ákveða hvað á að fara fram hvern dag. Skipulagið er svo ýtarlegt að búið er að setja niður hvaða bók er lesin.

Mikil skráning fer fram og er í raun allt sem barnið gerir yfir daginn skráð á sérstök blöð.

Foreldrar skrá líka hvað barnið gerir heima.

Einstaklingsnámsskrá er útfyllt fyrir hvert barn, hún er aðgengileg foreldrum og notuð sem samskiptabók. Í hana skráir starfsfólk og foreldrar hlutlausar athugasemdir um atvik og gerðir barnsins. T.d. -Í dag brosti Jói í fyrsta sinn til Böggva kennara, eða - Ari var að skoða stafakubba, benti á stafinn A á einum kubbnum og segir „eins og nafnið mitt?“ „Já einmitt“ segir Margrét kennari, „getur þú núna fundið stafinn R?



Foreldrar fylla út eyðublað þar sem fram kemur geta barnsins. Kennarar og foreldrar ræða saman um útkomuna og gera áætlun um hvað þarf að efla og örva hjá barninu.

Þetta er gert þegar barnið er 6 mánaða, 9 mánaða, 12 mánaða, 15, mánaða, 18 mánaða, 2 ára, 2,5 ára, 3 ára, 4 ára og 5 ára. Þessar niðurstöður stýra því hvernig barnið er örvað til þroska og hafa kennarar þetta til hliðsjónar við skipulag starfsins.

Einu sinni á ári kemur eftirlitsaðili óvænt í heimsókn og fer yfir það hvort alls staðar sé verið að vinna eftir skipulaginu. Leikskólinn fær svo einkunn eftir því. Ef einhverju er ábótavant, ef skæri eru t.d. ekki aðgengileg er leikskólinn dreginn niður fyrir það í úttektinni. Foreldrar velja oft leikskóla fyrir börnin sín eftir þeirri úttekt sem þeir fá. Hreinlæti er mikið í

leikskólunum og leikföng eru þvegin daglega. Ef lítið barn setur leikfang í munninn er það tekið frá og þvegið áður en það er sett í umferð aftur. Mikil áhersla er lögð á handþvott hjá kennurum og börnum.

Til að fá fastráðningu hjá leikskólum borgarinnar þarf viðkomandi að hafa leikskólakennaramenntun.

Í einum leikskólanum sem við heimsóttum höfðu kennararnir hengt leyfisbréfin sín upp á vegg svo þau voru öllum sýnileg. Afleysingafólkið er ófaglært en þarf að fara á námskeið. Afleysingafólkið er skráð hjá skrifstofu leikskólamála, og þangað leita leikskólastjórar þegar þeir þurfa á afleysingafólki að halda.

Í leikskólunum er afleysingafólk sem leysir kennarana af í matar- og kaffitímum. Auk kaffitíma fyrir og eftir hádegi fá þeir klukkutíma í hádegismat, sem er inni í vinnutímanum. Kennarar hafa 30 mínútur til undirbúnings á viku.

Starfsfólk leikskólanna er mjög vel launað, eða með um 32 dollara (u.þ.b. 4000 kr) á tímann. Byrjunarlaunin eru 20 dollarar (um 2440 kr) á tímann en síðan vinnur einstaklingurinn sig upp í launum. Það gerir um 450 000 krónur á mánuði í byrjunarlaun. Þeir sem vinna 100% vinnu fá greiddan niður lækni-, tannlækna-, og lyfjakostnað.

Allir starfsmenn eiga 2 vikna orlofsrétt, en vinna sér inn auka orlof eftir því sem starfsreynsla þeirra eykst.

Eftir 10 ár eiga þau rétt á 4 vikum

Eftir 17 ár eiga þau 5 vikur

Eftir 21 ár eiga þau 6 vikur.

Fastar reglur eru til yfir það hvað hver starfsmaður má hafa mörg börn í sinni umsjá, og er mjög strangt farið eftir því.

Barngildin eru eftirfarandi:

1 starfsmaður með 3 börn á aldrinum 0-18 mánaða

1 starfsmaður með 5 börn á aldrinum 1,5 -2,5 ára

1 starfsmaður með 8 börn á aldrinum 2,5-4 ára

1 starfsmaður með 12 börn á aldrinum 4-6 ára

Allir leikskólarnir eru með sameiginlegan 4 vikna matseðil sem er látinn rúlla í hálf ár.

Yfirleitt er ekki matbúið á staðnum, heldur er framreiddur foreldaður matur. Sums staðar er matráður og fær hann allan mat frosinn sem svo er eldaður á staðnum. Stefnt er að því að starf matráða leggist niður og allir leikskólarnir fái aðsendan mat frá sama stað.

Börnin fá morgunmat sem er yfirleitt kornmatur og ávextir. Hádegismat sem reynt er að hafa sem fjölbreytilegastan og síðdegiskaffi sem er mjólk og brauð og þau sem dvelja lengst fá ávexti síðdegis.

Leikskólarnir:

Cole street Child Care Centre

Þessi leikskóli er í hverfi þar sem blandast saman íbúðablokkir og atvinnuhúsnæði. Mikil uppbygging hefur verið í hverfinu á undanförunum árum og verið að gera það að huggulegu íbúðahverfi ólíkt því sem var áður. Húsnæðið er byggt sem leikskóli af einkaaðilum en Torontoborg keypti síðar húsið.



Þeir sem ráku leikskólann áður lögðu mikið upp upp úr litum og skápar, gólf og hillur voru í öllum litum.

Á útisvæðinu var líka mikið lagt upp úr litum. Þar voru gúmmíhellur í ýmsum litum. Þessi litadýrð er ekki samkvæmt þeirri hugmyndfræði sem borgin leggur upp með. Þar er gert ráð fyrir að notaðir séu ljósir náttúrulegir litir.

Leikskólinn er ætlaður börnum á aldrinum 0 til 4 ára. Það eru tvær deildir fyrir börn á aldrinum 0 – 18 mánaða og tvær deildir fyrir börn á aldrinum 18 mánaða – 2,5 ára á neðri hæðinni. Á efri hæðinni voru tvær deildir fyrir börn á aldrinum 2,5 ára til 5 ára. Á yngstu



deildunum eru 10 börn og 3 kennarar og á eldri deildunum eru 10 börn og 2 kennarar. Á elstu deildunum eru 16 börn og tveir kennarar.

Húsgögn eru í hæð barnanna og dýnur og púðar á gólfum. Speglar á veggjum og gler á milli deilda.



Allt er mjög bjart og hlýlegt og mikið af þroskandi leikföngum sem börnin geta náð í að vild. Leikföngin eru tilbúin og eiga að gefa börnunum kost á að fara í sem fjölbreyttasta leiki sem líkjast daglegu lífi fólks. Leikföng og litir sýna fjölbreytileika samfélagsins. Mjög rólegt og notalegt andrúmsloft ríkti í leikskólanum.

Dagskipulag er sýnilegt og mikið notaðar ljósmyndir.

Með yngstu börnunum fylgir skráning að heiman frá foreldrum og kennararnir skrá svo daginn í leikskólanum. Þar kemur fram hvað barnið borðaði, hvernig það svaf, hvenær voru bleyjuskipti og annað sem foreldrar og kennarar vilja láta koma fram.


Þessu fylgir mikil skrifinska fyrir kennarana.

Deildirnar voru í tveimur herbergjum þar sem annað var leikherbergi og hitt hvíldarherbergi þar sem yngstu börnin sváfu í rimlarúmum en þau eldri sváfu á beddum í stærra herberginu.

Í þessum leikskóla var engin sérstök vinnuaðstaða fyrir starfsmenn

og kennararnir gátu farið úr húsi í matartímanum sínum en afleysing kom þá inn í staðinn.

Útileiksvæðið er fremur lítið en vel útbúið af leikföngum. Það er farið út með leikföngin eins og spil og kubba. Okkur fannst athyglisvert að börnin fóru aldrei út í rigningu en þau fóru út þegar var snjór.



Regent Park Child Care Centre

Þessi leikskóli var í göngufæri frá skólanum í Cole street.

Þar gildir það sama um starfsemina og í öðrum



leikskólum. Mikil skráning og eftirfylgni. Þar voru börn á aldrinum 0 til 2,5 ára.


Tvær deildir fyrir börn 0-18 mánaða og tvær deildir fyrir börn 18-30 mánaða. Eftir það fara þau í annan leikskóla. Hér eins og annarsstaðar eru húsgögnin í hæð barnanna og einfalt fyrir þau að ná sér í leikföng. Sandur og vatn var haft í kerjum sem börnin geta staðið við og leikið



sér með leikföng eins og dýr og bíla.

Sameiginleg hreinlætisaðstaða er fyrir tvær deildir.

Leikvöllurinn er lítill og honum er skipt í svæði eftir aldri barnanna. Þar eru leiktæki og leikföng eins og lítill rennibraut og hjól. Gluggar snúa út í garð og börnin fara út daglega nema þegar rignir.




Hreinlætisaðstaða er sameiginleg milli tveggja deilda og mikið er lagt upp úr þrifum.

Metro City Hall Child Care Centre

Þessi leikskóli er á jarðhæð háhýsis sem hýsir skrifstofur borgarinnar. Þar dvelja börn á aldrinum 0 – 4 ára. Ein deild fyrir 0-1,5 ára börn, ein deild fyrir 1,5-2,5 ára börn og tvær deildir fyrir 2,5-4 ára börn. Leikskólinn er nýlegur og öll aðstaða er góð. Deildirnar eru rúmgóðar og barnahóparnir á hverri deild ekki stórir, fjölmennastir á elstu deild en þar eru börnin bara 16 og tveir starfsmenn. Þegar önnur elsta deildin var úti nýtti hin deildin húsnæðið. Starfsfólk hefur kaffistofu þar sem það getur hvílst í matar og kaffitímum, að öðru leyti er ekki vinnuaðstaða fyrir starfsfólk.

Mikið er af leikföngum í leikskólanum. Mikið er lagt upp úr að kenna börnunum liti og bók- og tölustafi. Tónlist hljómaði í hverri stofu og sagði starfsfólkið að það væri mikið lagt upp úr því að börnin heyrðu tónlist frá öllum menningarsvæðum.



Leikvellinginum var skipt í hólf þar sem börnin skiptust eftir aldri eins og á deildunum.

Leiksvæðið var nýtt og enn verið að leggja lokahönd á það. t.d. voru rólur áður en þær voru fjarlægðar vegna slysaþættu!?

Ekkert gras eða gróður var á lóðinni, eingöngu gúmmíhellur og gervigras. Á leiksvæðinu voru ekki leiktæki en gott úrval af leikföngum.

Í þessum leikskóla starfaði matsveinn sem eldaði mat sem hann fékk sendan frosinn fyrir eina viku í einu. Starfsfólk borðar ekki með börnunum.

Þar sem húsgögn eru öll í hæð barnanna þurfa kennararnir að vinna mikið á gólfinu.

Leikskólinn lokar í tvær vikur á sumrin vegna sumarleyfa kennara.

Jesse Ketchum Child Care Centre

Á Jesse Ketchum eru 116 börn á aldrinum 0 til 12 ára.

Deildirnar eru aldursskiptar og börnin færast upp um deild þegar þau hafa náð aldri næsta hóps.

Infant room – 0 til 2 ára. Þar eru 10 börn og 3 starfsmenn.

Toddler – 2 til 4 ára. Þar eru 10 börn og 2 starfsmenn.

Preeschool - 4 til 6 ára. Þar eru 16 börn og 2 starfsmenn.

Kindergarten – 6 til 8 ára. Þar eru 30 börn og 2 starfsmenn.

Senior school group – 8 til 12 ára. Þar eru 30 börn og 2 starfsmenn.

Jesse Ketchum er einn af þeim ellefu leikskólum sem eftir eru á svæðinu sem eru með kokk sem eldar á staðnum. Kokkurinn fær allt sent til sín frosið, meira að segja eggja koma frosin.

Það vakti athygli okkar að kokkurinn á engin samskipti við börnin. Allur matur er sendur upp á vagn í lyftu.

Húsnæðið er á þremur hæðum og er rýmið mikið á hverri deild. Þetta eru litlar einingar sem gerir umhverfið notalegt.



Öll húsgögn eru gerð í hæð barnanna á hverri deild fyrir sig. Á yngstu deildunum er mikið setið á gólfinu og á mjúkri leikdýnu. Þar eru stórir púðar og grjónapúðar. Mikið starf fer fram á gólfi, myndir límdar á gólf, bókstafir og bóluplast. Þarna eru hærri stólar þar sem börnin sitja meðan verið er að mata þau.

Dagskipulagið er mótað eftir hverju barni fyrir sig. Þau fá að borða þegar hentar best þeirra skipulagi hugsað út frá svefntíma og þess háttar.

Útisvæðið er aldurskipt hver deild hefur sitt svæði. Þar er allt malbikað, gúmmímottur á stangli en ekkert gras né jarðvegur af nokkru tagi einungis plastkastali og rólur. Frekar kalt og hrátt að okkar mati. Allir eiga tvo tíma í útivist á dag samkvæmt skipulagi. Leikföng eru látin fjóta milli inni- og útisvæðis, hvort sem það eru bílar eða bækur.



Á yngstu deildinni er rimlarúm fyrir hvert barn auk neyðarrúms sem er á hjólum þar sem öllum börnum er safnað saman ef upp kemur neyðarástand. Á næstu tveimur deildum hvílast börnin á lágum fletum sem



líkist dýnu eða hengirúmi, ekkert barn liggur á beru gólfinu.

Vinnuaðstaða starfsfólks er ekki mikil og fær hver kennari 30 mínútna undirbúningstíma á viku. En það var áberandi að starfsfólk nýtti hvíldartíma barnanna í skrifinsku. Ein lítill kaffistofa er fyrir starfsfólk.

City kids Child Care Centre


City kids er 8 ára gamall leikskóli, sem var sérstaklega byggður fyrir starfseminna. Hann er opinn 7:00-18:00. Þar dveljast 72 börn á aldrinum 0-6 ára, starfsmenn eru 21. Leikskólinn er staðsettur í miðstéttarhverfi. Deildirnar eru aldurskiptar, og hefur hver þeirra eigið útisvæði.

Á yngstu deildinni eru 20 börn, þeim er skipt á 2 svæði sem eru aðskilin með klósettum og skiptiaðstöðu. Á deildinni er hiti í gólfi og víða eru mjúkar þunnar dýnur til að sitja á og leika. Litlir fletir með mismunandi áferð eru límdir á gólfið, t.d. bútur af gólfduk og bóluplast.

Mikið er lagt upp úr því að halda sömu rútínu og heimafyrir, t.d. með svefn, matartíma og annað. Hér er mikil skráning, daglega eru fyllt út eyðublöð sem ganga milli heimilis og skóla varðandi það hvenær síðustu bleyjuskipti voru, hvenær barnið borðaði síðast, svefn og fleira.



Leikföng og helstu snertifletir eru sótthreinsaðir daglega, límflatir á gólfi eru endurnýjaðir daglega. Þar er sér hvíldarherbergi, í því eru rimlarúm, eitt á hvert barn. Útisvæðið er afgirt, þangað koma eingöngu börnin af þessari deild, auk starfsmanna. Svæðið er yfirbyggð, ílöng verönd. Þar eru gúmmímottur á gólfinu, og ýmis leikföng í boði. Leikföngin mega flæða frjálst milli úti og innisvæða. Þar er enginn náttúrulegur jarðvegur eða gróður.



Miðdeildin er að mestu leyti eins uppbyggð, tvískipt 20 barna deild. Deildinni er skipt niður í lítil rými með lágum húsgögnum. Mikið úrval leikfanga af ýmsu tagi. Kennarar leggja upp með þema dagsins,



t.d. búðarleik, finna til leikföng, bækur og annað efni í samræmi við það. Börnin

hafa frjálsan aðgang að leikefni samt sem áður. Þau voru með sandkassa inni og vatn í kari. Útisvæðið var með svipuðu sniði og hjá yngstu deild, yfirbyggð verönd, eingöngu fyrir þennan aldur. Leikföng og bækur máttu fljóta inn og út. Einnig var

sandkassi úti, kastali og göngubílar úr plasti.

Á þessari deild var blindur strákur, og voru dótakassar merktir með blindraletri.



Á elstu deildinni eru börnin 4-6 ára. Þau skipast niður á 2 svæði, 16 börn á hvoru. Svæðin eru aðskilin með salernisaðstöðu.

Hluta úr degi fara þau í útivist og er passað upp á að ekki sé meira en helmingur barnanna úti í einu. Útisvæðið er líkt og deildin á efri hæð, með skjólvegg úr gleri sem erfitt er að sjá í gegnum. Svæðið er ekki stórt, og ber ekki meira en 16 börn samtímis. Þarna var sandkassi,



hjól, rennibraut og málningartrönur o.fl. Leikskólinn hefur aðgang að grænu svæði í nágrenninu. Þar rækta þau grænmeti sem þau nýta sér til matar. Svæðið nota þau einnig til útivistar.

Inni úir og grúir af hljóðfærum, bókum og öðru leikefni. Líkt og á yngri deildunum eru rými innan deildarinnar sem ætluð eru ákveðnum verkefnum. Í

einu rýminu fá börnin t.a.m að sýsla með mat í tilraunaskyni, t.d. sykurl, kaffi og pasta.

Það vakti athygli okkar að víða um leikskólann voru veggspjöld sem útskýrðu hvaða þjálfun á sér stað hjá börnunum við hinar ýmsu aðstæður.

Sem dæmi; í skapandi starfi

* æfi ég fínhyreyfingar

* kanna ég mismunandi stærðir, form og áferðir



Við vorum sammála um að í leikskólanum væri ofgnótt leikfanga. Einnig veltum við fyrir okkur mörkum örvunar og oförvunar, bæði sjónrænt og hljóðrænt. Hvergi er auðan blett að sjá á veggjum eða gólfi. Einnig hljómar tónlist viðstöðulaust alla daga.

Lítið er um líkamlegar áskoranir í leikskólanum til að efla grófhreyfingar. Tækifæri til þess gefast helst í gönguferðum á grænu svæðin.

Samantekt:

Það var margt sem kom okkur á óvart í þessum heimsóknum. Mikið meira af leikföngum heldur en við eigum að venjast. Mikil stýring að ofan og það að allir leikskólarnir eiga að vinna eins. Mikið eftirlit og skráning um alla mögulega hluti og atburði.

Okkur fannst börnin hafa lítil tækifæri til hreyfingar í útivistinni vegna smæðar lóða, sérstaklega í skólunum í miðborginni.

Þessi ferð gekk í alla staði eins og hún hafði verið skipulögð. Við fengum góðar upplýsingar og mjög vel var tekið á móti okkur í öllum leikskólunum. Leiðsögumennirnir okkar reyndust

frábærir og starfsmannahópurinn stóð þétt saman. Ferðin að Niagarafossunum var ógleymanleg og lokakvöldið þar sem við borðuðum allar saman var mjög notalegt. Sá stutti tími sem ekki var skipulagður var notaður í búðarráp, gönguferð um háskólahverfið eða safnaheimsókn eftir því hvað hver vildi gera. Starfsmannahópurinn kom þreyttur og ánægður heim og vorum við sammála um að svona ferð þjappaði hópnum saman og gerði hann sterkari.

Skýrsluhöfundar:

Helga Geirmundsdóttir leikskólastjóri
Soffía Guðrún Kjartansdóttir leikskólakennari
Ingunn Helgadóttir leikskólakennari
Árný Ilse Árnadóttir leikskólakennari